

og reglur. Ábyrgð mín felst í því álitum sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er mitt álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2001, efnahag hans 31. desember 2001 og breytingu á handbæru fé á árinu 2001, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 10. apríl 2002.

Gísli Guðmundsson endurskoðandi.

REGLUR

um eingreiðslu örorkubóta Tryggingastofnunar ríkisins.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um eingreiðslu örorkubóta til slysatryggðra einstaklinga samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

2. gr.

Orkutap.

Ef orkutap er minna en 50% er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur sem jafngilda lífeyri hlutaðeigandi um tiltekið árabíl samkvæmt reglum þessum.

Örorkubætur greiðast ekki ef orkutapið er metið minna en 10%. Hafi hinn slasaði hlotið örorku vegna tveggja eða fleiri slysa sem bótaskyld eru samkvæmt slysatryggingum almannatrygginga er heimilt að greiða bætur ef samanlögð örorka vegna slysa er 10% eða meiri. Sé samanlögð örorka 50% eða meiri greiðist örorkulífeyrir samkvæmt reglum 1.-4. mgr. 29. gr. laga um almannatryggingar, með síðari breytingum.

3. gr.

Tímabil.

Bætur reiknast fyrir tímabilið frá því greiðslu dagpeninga lýkur, eða samkvæmt nánari tilgreiningu í örorkumati, og fram til 67 ára aldurs hins slasaða. Hafi slys ekki verið tilkynnt innan tilkynningarfrests og réttur til dagpeninga er fyrndur skal miða upphaf bóta við þann tíma þegar greiðslu dagpeninga hefði verið lokið ef slys hefði verið tilkynnt innan frests.

4. gr.

Reiknireglur.

Við núvirðisútreikning eingreiðslu samkvæmt 1. mgr. 2. gr. skal miða við dánartíðni árána 1996-2000 og 6% vexti á ári. Miða skal við tryggingaaldur hins slasaða (aldur í heilum árum). Við útreikning vaxta skulu taldir 30 dagar í hverjum mánuði og 360 dagar í ári. Vextir skulu höfuðstólsfærðir á tólf mánaða fresti, sbr. 12. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

5. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með stöð í 5. mgr. 29. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Reglurnar gilda um slys sem eiga sér stað 1. janúar 2002 eða síðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. júlí 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

SAMÞYKKT**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akureyri nr. 483/1996.**

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 29. gr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Á veitingastað með reglubundna skemmtistarfsemi þar sem heimilt er að sýna nektardans (næturlúbbar), er lagt bann við hvers konar einkasýningum og einkadansi. Dansatriði skulu einungis fara fram á einu afmörkuðu svæði í veitingasal þar sem tryggt er að fjarlægð milli dansara og áhorfenda sé a.m.k. 4 metrar. Dönsurum er óheimilt að fara um á meðal áhorfenda.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarbæjar, hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1998, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. júlí 2002.

F. h. r.

Stefán Eiríksson.

Jón Þór Ólason.